

Desember 1974.

Kæri Rauðsokkur.

Áformað er að dagana 2. - 5. jan. n.k. verði haldin í Neskaupstað ráðstefna um kvennaárið 1975. Ráðstefnu- og gististaður verður Gagnfræðaskólinn á staðnum.

Tigangur ráðstefnunnar er að ræða og skipuleggja aðgerðir á kvennaári, einnig er hún hugsuð sem hvatning og uppörvun fyrir starfandi Rauðsokka og þá sem áhuga hafa á að starfa með Rauðsokkum og/eða vilja kynnast markmiðum þeirra og starfsaðferðum.

Kvennaár Sameinuðu þjóðanna 1975 gefur jafnréttishreyfingum um allan heim ómetanlegt tækifæri til að vekja athygli á stöðu og kjörum kvenna. Hvers konar aðgerðir til glöggvunar á misrétti því, sem konur eru beittar, munu vekja mun meiri athygli en ella og fá meiri hljómgrunn, þar eð þeirra er vænst. Vakin skal athygli á því, að Sameinuðu þjóðirnar ætlast til þess að í skólum aðildarríkja fari fram fræðsla um stöðu kvenna og möguleikum þeirra á bætum kjörum og auknum réttindum.

Okkur íslenskum Rauðsokkum ber skylda til að nýta þetta tækifæri til hins ýtrasta. Mótsstaðurinn er valinn öðrum þráði vegna þess gruns okkar, að í dreifbýlinu sé misrétti kynjanna jafnvel enn meira, og Rauðsokkahreyfingin hefur ekki enn fest rætur við Stór-Reykjavíkursvæðisins.

Bréfi þessu fylgir dagskrá ráðstefnunnar. Flugfar fram og til baka Reykjavík-Neskaupstaður (Egilsstaðir) kostar ca. 6.500 kr. (með 20 % afslætti fyrir 10 eða fleiri). Fimmtud. 2. jan. er beint áætlunarflug til Neskaupstaðar, en sunnudagsflug er frá Egilsstöðum og bætist þann dag því við ferð með bíl (og snjóbíli) frá Neskaupstað til Egilsstaða.

2.

Hægt er að kaupa mat í Hótel Egilsbúð. Morgunverð, miðdegiskaffi og kvöldkaffi er hægt að útbúa í skólanum. Gisting er að sjálf-sögðu ókeypis, en þátttakendur þurfa að hafa með sér svefnpoka og vindsæng.

Að sjálfsögðu verður þessi ráðstefna ekki að veruleika nema þátttaka verði all mikil bæði af starfandi Rauðsokkum og íbúum á staðnum.

Horfum því ekki í nokkur þúsund króna kostnað og fjölmennum til Neskaupstaðar 2. janúar 1975.

Tilkynnið þátttöku fyrir 20. des. í síma Rauðsokkahreyfingarinnar 28798.

Baráttukveðjur,  
starfshópur til undirbúnings  
ráðstefnu um kvennaárið '75.

Ráðstefna Rauðsokka um  
alþjóða kvennaárið ,  
3. - 4. jan. 1975.

Drög að dagskrá:

.....

fimmtudagur 2. jan. 1975:

Komudagur utanbæjarþátttakenda.

Kynnisferð um staðinn ( ráðstefnustaður skoðaður  
og t.d. gengið inn í Fólkvang Neskaupstaðar ).

Kl. 20<sup>00</sup> Ráðstefnan sett í Gagnfræðaskólanum í Nesk.st.  
Tilgangur og dagskrá ráðstefnunnar rædd og raðað  
í starfshópa.

Uppástungur um hópa:

1. Námsefni um stöðu konunnar og jafnréttisbaráttunnar fyrir skóla (gerð drög að námsskrá ).
2. Verkfallsdagur ársins (áætlun gerð um undirbúnings- aðgerðir á vinnustöðum um allt land, um að konur leggi niður vinnu einn dag til að undirstrika þarfið atvinnulífsins fyrir vinnu þeirra).
3. Nýliðahópur (kynning á fyrra starfi, starfsaðferðum, markmiðum o.fl. )
4. Könnun á kaupum og kjörum bæjarstarfsmanna með tilliti til reynslu og menntunnar.
5. Blaðaviðtæmalshópur talar við verkakonur á staðnum og bændakonur (stefnt að næsta Rauðsokkabláði.

Þátttakendur bæta væntanlega við hugmyndum,  
einkum um aðgerðir á kvennaári.

föstudagur 3. jan.

kl. 8 - 9 morgunverður (útbúinn í skólanum)

kl 9 starfshópar hefja starf, úrvinnsla og öflun  
gagna.

kl. 12 - 13 matur Hótel Egilsbúð ~~300~~ kr.

kl. 13 áframhaldandi starf.

kl. 21 Fyrirlestur og umræður.

(efni og fyrirlesari óákveðinn ).

laugardagur 4. jan.

kl. 8 - 9 morgunverður

kl. 9 starfshópar hefja starf. Úrvinnsla gagna og skrásetn.

kl. 4 (að miðd.kaffi loknu) hópar koma sama og kynna starf.

kl. 7 kvöldverður kl. 8 kvöldvaka í Gagnfr.sk.

sunnudagur 5. jan. Brottför þeirra að sunnan.